



Ályktun um miskunnarlaust óréttlæti vegna örorkubyrði í lífeyrissjóðum verkafólks

10. þing Starfsgreinasambands Íslands mótmælir harðlega því grófa og miskunnarlausa óréttlæti sem íslensku verkafólki er sýnt í lífeyrismálum.

Nú vantar yfir **5,4 milljarða króna árlega** til að lífeyrissjóðir verkafólks standi jafnfætis öðrum sjóðum landsins hvað varðar jöfnun örorkubyrði. Samið var um framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði árið 2005 til að tryggja jafna stöðu allra lífeyrissjóða. Ástæðan var augljós: örorkubyrði verkafólks, sem vinnur erfiðisvinnu, er margfalt meiri en í sjóðum þar sem félagsmenn starfa við léttari störf.

Þrátt fyrir þetta er núverandi framlag, **4,6 milljarðar**, langt frá því að duga – það þyrfti að vera **10,1 milljarður** til að ná meðaltali allra sjóða.

Samkvæmt **fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar** á þetta framlag að falla niður að fullu árið 2026. Þá mun hallinn nema rúmum **10 milljörðum króna á ári** – fé sem tekið verður beint af lífeyrisréttindum verkafólks.

Það sem SGS hefur árum saman bent á er nú staðfest af **Aurbjörgu, virtasta samanburðarvef landsins**:

- Félagar í verkamannasjóðum fá **allt að 20% lakari lífeyrisréttindi** en aðrir fyrir sömu iðgjaldagreiðslur.
- Mismunurinn jafngildir **85–116 þúsund krónum minna á mánuði** í ævilífeyri.
- Yfir meðalævi eftir 67 ára aldur getur það kostað verkafólk **20–25 milljónir króna eða meira í beinu tekjutapi**.

Þetta er ekkert annað en kerfisbundið óréttlæti sem grefur undan trausti á íslenska lífeyriskerfinu. Það sem kallað er „samtrygging“ er í raun ekkert annað en það að sjóðir verkafólks bera sína örorku einir og sér, á meðan aðrir sjóðir hafa fengið marga milljarða úr ríkissjóði – þó þeir hafi ekki þurft á því að halda.

Heildarupphæðirnar sem runnið hafa úr ríkissjóði í þessa úthlutun nema um **70 milljörðum króna að nafnvirði eða tæpum 100 milljörðum á núvirði**. Þar af hafa um **25 milljarðar farið til sjóða sem aldrei hefðu átt að fá krónu**. Þar á meðal eru opinberir sjóðir með launagreiðendaábyrgð. Þetta er í beinni andstöðu við tilgang samkomulagsins frá 2005.

Þing SGS krefst þess að framvegis verði tryggt að framlag til jöfnunar á örorkubyrði dugi til að verkamannasjóðirnir standi jafnfætis öðrum sjóðum.

Allt samtal um breytingar á kerfinu kemur ekki til greina fyrr en framlag til jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða hefur verið tryggt að fullu. Verði það ekki gert mun SGS krefjast þess að ríkið taki örorkuþáttinn alfarið yfir til sín.

SGS mun beita öllum tiltækum ráðum til að berjast fyrir réttlæti til handa verkafólki og mun aldrei sætta sig við annað en að verkamannasjóðirnir standi jafnfætis öðrum sjóðum.

Við spyrjum: Ætlar ríkisstjórn sem kennir sig við réttlæti, félagshyggju og jafnaðarmennsku að viðhalda áfram því hróplega óréttlæti á lífeyrissréttindum verkafólks?